



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

CHAMAYOU LEIKUR

10. SEPTEMBER 2026
ELDBORG HARPA

RAVEL



VELKOMIN



VINSAMLEGAST HAFIÐ SLÖKKT
Á FARSÍMUM MEÐAN Á
TÓNLEIKUM STENDUR

TÓNLEIKAGESTIR ERU BEÐNIR UM
AÐ KLAPPA AÐEINS Í LOK TÓNVERKA.

TÍMALENGD VERKA:

MYNDLÝSINGAR: 21"
FRAMANDI FUGLAR: 15"
KÖNGULÓARVEISLAN: 17"
KONSERT: 21"

Tónleikunum er útvarpað beint á Rás 1 og verður
sjónvarpað að hluta á RÚV 23. september.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube
og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna
lagalista með allri tónlist starfsársins.

CHAMAYOU LEIKUR RAVEL

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 10. SEPTEMBER KL. 19:30

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

BARBARA HANNIGAN
HLJÓMSVEITARSTJÓRI OG EINSÖNGVARI

BERTRAND CHAMAYOU
EINLEIKARI

BENJAMIN BRITTEN

Myndlýsingar op. 18 (1939)

Fanfare
Villes (Borgir)
Phrase – Antique (Setning – Fornt)
Royauté (Konungdómur)
Marine (Sjávarmynd)
Interlude
Being beauteous
Parade (Skrúðganga)
Départ (Brottför)

OLIVIER MESSIAEN

Framandi fuglar (1955–56)

HLÉ

ALBERT ROUSSEL

Sinfónísk brot úr *Köngulóarveislunni* (1912–13)

MAURICE RAVEL

Píanókonert í G-dúr (1929–31)

Allegramente
Adagio assai
Presto

Á efnisskrá kvöldsins er villtu
borgarlífínu stillt upp andspænis
villtri náttúru – báðir þessir
heimar búa í senn yfir gleði
og hættu.

Barbara Hannigan

BARBARA HANNIGAN

HLJÓMSVEITARSTJÓRI OG EINSÖNGVARI



Nú þegar kanadíska sópransöngkonan og hljómsveitarstjórinn Barbara Hannigan tekur við sem aðalhljómsveitarstjóri og listrænn stjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands hefst nýr kafli, bæði hjá listakonunni og hljómsveitinni. Barbara á sér fáa líka og er jafnvíg þegar kemur að hljómsveitarstjórn, söng og dagskrárgerð. Starf hennar er drifið áfram af forvitni, ástríðu, aga, ímyndunarafl og óbilandi trú á því að tónlistin sé ómissandi þáttur lífsins.

Eitt aðalsmerki Barböru Hannigan eru efnisskrár sem leiða í ljós óvænt tengsl, þar sem þekkt meistaraverk kallast á við sjaldheyrð verk og tónlist samtímans:

„Hver efnisskrá er saga, frásögn sem höfðar til áheyrandans og vekur forvitni hans. Það sem heillar mig er, að vegna þess að hver einasta manneskja í salnum upplifir tónlist á sinn eigin hátt, þá munu allir tónleikagestir skynja frásögnina á ólíka vegu og líka ólíkt því sem ég hafði í huga þegar ég setti prógrammið saman. Það er þetta sem er svo spennandi við lifandi tónlistarflutning.“ Í starfinu með Sinfóníuhljómsveit Íslands mun þessi andi uppgötvunar, sem fylgir Barböru Hannigan, móta listræna sýn á grunni vandvirkni, víðsýni og samvinnu og mynda um leið ný tengsl milli Íslands og alþjóðlegs tónlistarlífs.

Barbara hefur unnið náið með mörgum fremstu tónskáldum okkar tíma, frumflutt á annað hundrað nýrra verka og gjörbreytt því hvernig samtímatónlist getur orkað á bæði flytjendur og áheyrendur. Hún hefur hlotið fjölda verðlauna og viðurkenninga fyrir listsköpun sína, þar á meðal Grammy- og Gramophone-verðlaun, dönsku Sonning-verðlaunin og hin virtu sænsku Polar-verðlaun. Við það tilefni sagði dómnefnd verðlaunanna að „einstakar tónlistargáfur Hannigan og hugrekki hennar geri hana að einum fremsta túlkanda sígildrar og samtíma tónlistar á okkar dögum“. Hún hefur verið sæmd opinberu heiðursmerki Kanada (Order of Canada) og er Officier des Arts et des Lettres í Frakklandi.

Barbara Hannigan er aðalgestastjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Gautaborgar og Kammersveitarinnar í Lausanne og gestalistamaður hjá Sinfóníuhljómsveit Lundúna. Hún stjórnar virtustu hljómsveitum heims, þar á meðal Concertgebouw-hljómsveitinni, Cleveland-hljómsveitinni, fílharmóníusveitunum í München og New York, óperuhljómsveitinni á La Scala og Tékknesku fílharmóníunni. Þá gegnir hún prófessorsstöðu sem kennd er við Reinbert de Leeuw í Royal Academy of Music í Lundúnum. Barbara hefur gefið út átta plötur hjá Alpha Classics útgáfunni, nú síðast *An American Dream?* með Sinfóníuhljómsveit Gautaborgar (2026). Hún hlaut Grammy-verðlaunin fyrir plötuna *Crazy Girl Crazy* (2017) og hljóðritanir hennar hafa hlotið fjölda annarra viðurkenninga, þar á meðal Diapason d'Or, Edison-verðlaunin og Juno-verðlaunin. Barbara leggur rækt við nýjar kynslóðir tónlistarmanna gegnum verkefnið Equilibrium Young Artists, sem var stofnað 2017. Hún býr í Finistère á norðvesturströnd Frakklands, gegnt æskulóðum sínum hinum megin Atlantshafsins, Waverley í Nova Scotia.

Barbara Hannigan kom fyrst fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands árið 2022 þegar hún heillaði áheyrendur með túlkun sinni á verkum eftir Berg, Schönberg, Ives og Gershwin. „Starfsárið 2026–27 markar ekki einungis skipun mína í nýtt starf, heldur upphaf sameiginlegs ævintýris okkar, listræns ævintýris sem mótast af hugrekki, ímyndunarafl og þeirri sannfæringu að hljómsveit geti í senn staðið vörð um tónlistararfinn og verið öflugt afl til framtíðar.“

BERTRAND CHAMAYOU

EINLEIKARI



Píanóleikarinn Bertrand Chamayou er staðarlistamaður Sinfóníuhljómsveitar Íslands á starfsárinu 2026/2027. Hann fæddist í Toulouse og þar hóf hann tónlistarnám, en hélt síðan til framhaldsnáms í París og Lundúnum. Hann er meðal fremstu túlkenda franskra píanótónlistar, ekki síst verka eftir Maurice Ravel. Á undanförnum árum hefur hann leikið öll píanóverk Ravels á ýmsum tónlistarhátíðum og í fyrra stofnaði hann sína eigin hátíð helgaða Ravel í borginni Saint-Jean-de-Luz sem er í Baskahéruðum Frakklands.

Chamayou hefur komið fram með mörgum helstu hljómsveitum heims, svo sem Fílharmoníusveitinni í Vínarborg, Tonhalle-hljómsveitinni í Zürich, Gewandhaus-hljómsveitinni í Leipzig, sinfóníuhljómsveitunum í Lundúnum, Montreal, Chicago og San Fransisco, Fílharmoníusveitinni í New York og Frönsku þjóðarhljómsveitinni. Hann hefur unnið með merktum hljómsveitarstjórum á borð við Pierre Boulez, Neville Marriner, Esa-Pekka Salonen, Herbert Blomstedt, Semyon Bychkov, Philippe Herreweghe, François-Xavier Roth, Antonio Pappano og Elim Chan, og leikið kammermúsík með Sol Gabetta, Vilde Frang, Capuçon-bræðrunum, Leif Ove Andsnes og Ébène strengjakvartettinum, að Barböru Hannigan ógleymdri.

Bertrand Chamayou hljóðritar fyrir Warner/Erato útgáfuna. Af nýlegum plötum hans má nefna *Letter(s) to Erik Satie* (2023), *Ravel: Fragments* (2025) og *Schubert 4 hands* (2025) þar sem þeir Leif Ove Andsnes leika fjórhent á píanó. Nú í október kemur út tvöfaldur hljómdiskur með heildarsafni *Ljóða án orða* eftir Felix Mendelssohn í flutningi Chamayou.

Hann heldur einleikstónleika í Norðurljósum á morgun, föstudag, þar sem meðal annars hljóma þrjár af þessum perlum Mendelssohns.

BENJAMIN BRITTEN

MYNDLÝSINGAR



Vorið 1939, þegar ófriðarský voru tekin að hrannast upp í Evrópu, ákvað Benjamin Britten (1913–1976) að flytjast til Ameríku. Þessu bráðgera tónskáldi þótti framgangur sinn heima í Englandi ekki nógu hraður. Hann vann fyrir salti í grautinn með því að semja tónlist fyrir leikhús og kvikmyndir en hafði ekki nægan tíma fyrir metnaðarfullri verkefni sem myndu vekja á honum verulega athygli. Hann hafði vissulega komist í sviðsljósið þremur árum fyrr, með ljóðaflökknum *Our Hunting Fathers* sem hann samdi í félagi við skáldið W. H. Auden en píanókoncertinn sem Breska ríkisútvarpið (BBC) pantaði hjá honum árið 1938 hlaut slakar viðtökur. Meðan gamla Evrópa var að sogast aftur inn í stríðsátök virtust Bandaríkin vera framtíðarlandið, nýi heimurinn þar sem frjálsslyndi réð ríkjum og tækifærin buðust. Britten hélt því vestur um haf — og það gerði líka Auden og fleiri kunningjar, þar á meðal tenórsöngvarinn Peter Pears sem innan tíðar átti eftir að verða elskhugi Brittens og lífsförunautur. Í New York urðu Bretarnir hluti af stærri hópi evrópskra listamanna sem flúðu ófriðinn; umhverfið var hvetjandi og nú hófst blómaskeið hjá Britten.

Skömmu fyrir brottförina til Bandaríkjanna hafði Britten byrjað að semja tónlist við nokkur prósaljóð úr *Myndlýsingum* (Les Illuminations) eftir franska skáldið Arthur Rimbaud (1854–1891). *Myndlýsingar*, sem urðu að mestu til þegar Rimbaud stóð á tvítugu, voru byltingarkenndur skáldskapur á sinni tíð og höfðu ekki tapað neinu af krafti sínum og dirfsku þegar Britten tók þær til kostanna meira en hálfri öld síðar. Verkinu lauk hann á fyrstu mánuðunum vestra og taldi sjálfur að það markaði þáttaskil á ferli sínum — hann var búinn að finna hugmyndum sínum farveg.

„Ég einn er með lykilinn að þessari villtu skrúðgöngu.“ Þannig hljómar lokalínan í ljóðinu Skrúðganga í þýðingu Sigurðar Pálssonar sem telur hana eiga vel við *Myndlýsingar* Rimbauds í heild sinni. Þessi setning höfðaði einnig mjög til Brittens sem lætur hana hljóma þrisvar í verki sínu: í upphafspættinum (Fanfare) og í millispilinu (Interlude), auk þess sem hún kemur fyrir á sínum stað í Skrúðgöngu. Það er nærtækt að tengja þessi orð við hæfileika listamanna, hvort heldur þeir vinna með orð, tóna, liti eða form, til að finna — eða skapa — nýja merkingu í sundruðum veruleikanum.

OLIVIER MESSIAEN

FRAMANDI FUGLAR



Fuglar skipta miklu máli í höfundarverki Oliviers Messiaen (1908–1992). Hann hafði strax sem barn mikinn áhuga á þeim og hóf ungur að safna dæmum um söng fugla. Það örlar á áhrifum frá fuglasöng í sumum hans eldri verkum, meðal annars í *Kvartett um endalok tímans* sem hann samdi í fangabúðum nazista þar sem hann var um nokkurra mánaða skeið árið 1940. Það var þó ekki fyrr en að styrjöldinni lokinni sem Messiaen sökkta sér fyrir alvöru niður í rannsóknir á söng mismunandi fugla. Hann fór þannig að, að hann hlustaði á marga einstaklinga sömu tegundar og skráði söng þeirra nákvæmlega niður með nótnaskrift. Upp úr þessum gögnum vann hann eins konar úrvalssöng tegundarinnar – söng sem sameinaði allt það fegursta frá hinum ólíku einstaklingum – og nýtti í tónsmíðum sínum.

Fyrsta hljómsveitarverkið sem spratt upp úr þessum athugunum var *Fuglarnir vakna* (*Réveil des oiseaux*, 1953) sem byggist á söng fugla í Júrafjöllunum og í kjölfarið komu *Framandi fuglar* (*Oiseaux exotiques*) fyrir píanó og kammersveit (1955–56) og *Fuglatal* (*Catalogue d'oiseaux*) fyrir einleikspíanó (1956–58). Síðastnefnda verkið er sveigur 13 tónsmíða, sem hver um sig ber nafn evrópsks fugls, en Messiaen lýsti því hvernig tónsmíðarnar enduróma ekki bara söng titilfuglsins heldur draga upp mynd af heimkynnum hans: landslagi, nágrönnum og árstíðum.

Í *Framandi fuglum* eru fyrirmyndirnar fuglar í Asíu og Ameríku. Verkið samanstendur, eins og *Fuglatal*, af 13 samtengdum köflum en er öðruvísi upp byggt. Hér túlkar píanóið staka fugla í sólóköflum, sem skiptast á við samspilskafla þar sem fleiri fuglar skrafa saman, auk þess sem náttúran í umhverfi þeirra hljómar, til dæmis þrumuveðrið í regnskógum Amasón. Slagverkshljóðfæri gegna lykilhlutverki enda skipta rytmískar viddir verksins miklu máli. Litirnir eru þó ekki síður mikilvægir eins og ráða má af þessum orðum tónskáldsins: „Þeir framandi fuglar sem syngja í þessu tónverki hafa dásamlega litríkar fjaðrir. Þessir skæru litir eru í tónlistinni: þar svífa um allir litir regnbogans, þar á meðal sá rauði – litur heitu landanna og kardínálans fallega!“

ALBERT ROUSSEL

KÖNGULÓARVEISLAN




Frakkinn Albert Roussel (1869–1937) var orðinn hálfþritugur þegar hann hóf formlegt tónlistarnám. Hann hafði fyrst lært til sjóliðsforingja og var til sjós í nokkur ár, meðal annars í Austurlöndum fjær. Árið 1894 ákvað hann að söðla um og helga sig tónlistinni. Hann kom í land, fór að sækja einkatíma, m.a. í hljómfraði og kontrapunkti, og fjórum árum síðar innritaðist hann í listaskólann Schola Cantorum í París. Þar nam hann meðal annars hjá tónskáldinu Vincent d'Indy en var auk þess framan af undir áhrifum frá Claude Debussy. Roussel varð þó fljótt sinn eigin herra í tónsmíðunum. Eftir hann liggja allmörg sönglög, einleiksverk og kammertónlist en einnig tónsmíðar í stærra formi: símfónísk verk – þar á meðal fjórar símfóníur – þrjár fullgerðar óperur og fimm ballettar. Verk hans einkennast af fágaðri raddfærslu, djarftækum rytma og litríkri hljómanotkun. Með tímanum fjarlægðist hann impressjónisma og sóttist fremur eftir að semja altæka – absólút – tónlist : „Ég reyni að útmá í huganum allar minningar um hluti og form sem gætu farið að umbreyta sér í tónmál“ er haft eftir honum um þessa stefnubreytingu.

Ballettinn *Köngulóarveislan* er það verk Roussels sem hvað oftast ratar á efnisskrár símfóníuhljómsveita. Það er samið á árunum 1912–13 og heyrir því til tímabilinu á fyrri hluta ferils hans þegar Roussel hallaðist til impressjónisma. Ballettinn lýsir degi í lífi skordýra í garði, tilveru sem er í senn fögur og ofbeldisfull. Köngulóin leggur drög að veislu með því að spinna vef sem fangar hin ýmsu skordýr, bæði maura, bjöllur, flugur og fiðrildi. En áður en hún nær að gæða sér á krásunum er hún sjálf gleypst af beiðu. Verkinu lýkur svo með útför dægurflugunnar í þann mund sem nóttin leggst yfir garðinn. *Köngulóarveislan* var færð upp í París í apríl 1913 og aftur 1922. Roussel útbjó síðar stutta hljómsveitarsvítu með brotum úr verkinu og það er hún sem hljómar á tónleikunum í kvöld.

MAURICE RAVEL

PÍANÓKONSERT Í G-DÚR



TÓNLISTIN OG SÍ

Píanókonsert Ravel hljómaði síðast í meðförum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í janúar 2023 þegar Claire Huangci lék einleik undir stjórn Evu Ollikainen. Áður höfðu alls sextán píanistar spreytt sig á verkinu með hljómsveitinni, þar af sex íslenskir: Halldór Haraldsson (1968 og 1982), Þorsteinn Gauti Sigurðsson (1979), Helga Bryndís Magnúsdóttir (1987), Sigrún Grendal (1994), Miklós Dalmay (1996) og Víkingur Heiðar Ólafsson (2005). Auk þeirra hafa m.a. leikið verkið þau Alicia de Larrocha (1972), Pascal Rogé (1980), Jean-Philippe Collard (1993), Lise de la Salle (2010) og Jean-Efflam Bavouzet (2016).

Það var í lok ferils síns sem Maurice Ravel (1875–1937) samdi píanókonserta sína tvo, svo að segja samtímis – þeir voru báðir frumfluttir í ársbyrjun 1932. Annan skrifaði hann fyrir austurríska píanóleikarann Paul Wittgenstein sem hafði misst hægri hönd í heimsstyrjöldinni fyrri. Konsertinn mátti því leika eingöngu með vinstri hendi sem kom þó engan veginn niður á gæðum hans eða músíkölsku inntaki. Hinn konsertinn hugsaði Ravel sér að leika sjálfur – hann var á leiðinni í tónleikaferðalag og vantaði stykki sem gengi vel í áheyrndur – en þegar til kom tók franskur píanistinn Marguerite Long að sér einleikshlutverkið á meðan tónskáldið stjórnaði hljómsveitinni. Þau skötu hjá ferðuðust um Evrópu í rúma þrjá mánuði og fluttu verkið á um tuttugu tónleikum víðsvegar um álfuna.

Fyrsta hugmynd Ravels að verkinu var að skrifa *divertimento*, eins konar skemmtitónlist fyrir píanó og hljómsveit, þótt útkoman yrði á endanum heill píanókonsert. Konsertinn í G-dúr er enda sannkallað skemmtistykki sem endurspeglar tíðaranda millistríðsáranna, nýklassík jafnt sem djass og blús. Djassinum hafði Ravel kynnst heima í Frakklandi og áhugi hans á bandarískri tónlist dýpkaði svo enn frekar þegar hann ferðaðist um Bandaríkin árið 1928. Þá hitti hann meðal annarra George Gershwin en Ravel hreifst mjög af verkum hans eins og glöggst má heyra í upphafi G-dúr konsertsins þar sem skyldleikinn við *Rhapsody in Blue* leynir sér ekki. Sjálfur nefndi Ravel að píanókonsertinn væri saminn undir áhrifum frá Mozart og Saint-Saëns, því að sér hugnuðust best konsertar þar sem léttlyndi og glæsileiki réðu ríkjum fremur en dramatík og djúpköfun. Hægi þáttur konsertsins sækir vissulega margt til klassíkurinnar með sínum syngjandi línunum og gagnsærri hljómsetningu en jafnframt er þar stutt yfir í tónheim landa Ravels, Eriks Satie. Í útþáttunum er aftur á móti ekki laust við að andi Stravinskíjs svífi yfir vötnum. Allt er þetta þó eftir uppskrift Ravels sjálfs, við þekkjum hér litbrigði, hljóðfæranotkun og kraftmikinn rytma sem einkenna fyrri hljómsveitarverk hans, til að mynda ballettinn um Dafnis og Klói.

Svanhildur Óskarsdóttir

Les Illuminations

Fanfare

J'ai seul la clef de cette parade sauvage.

Villes

Ce sont des villes! C'est un peuple pour qui se sont montés ces Alleghanys et ces Libans de rêve! Des chalets de cristal et de bois se meuvent sur des rails et des poulies invisibles. Les vieux cratères ceints de colosses et de palmiers de cuivre rugissent mélodieusement dans les feux. Des cortèges de Mabs en robes rousses, opalines, montent des ravines. Là-haut, les pieds dans la cascade et les ronces, les cerfs têtent Diane. Les Bacchantes des banlieues sangèotent et la lune brûle et hurle. Vénus entre dans les cavernes des forgerons et des ermites. Des groupes de beffrois chantent les idées des peuples. Des châteaux bâtis en os sort la musique inconnue. Le paradis des orages s'effondre. Les sauvages dansent sans cesse la fête de la nuit

Quels bons bras, quelle belle heure me rendront cette région d'où viennent mes sommeils et mes moindres mouvements?

Phrase

J'ai tendu des cordes de clocher à clocher; des guirlandes de fenêtré à fenêtré; des chaînes d'or d'étoile à étoile, et je danse.

Antique

Gracieux fils de Pan! Autour de ton front couronné de fleurettes et de baies, tes yeux, des boules précieuses, remuent. Tachées de lies brunes, tes joues se creusent. Tes crocs luisent. Ta poitrine ressemble à une cithare, des tintements circulent dans tes bras blonds. Ton cœur bat dans ce ventre où dort le double sexe. Promène-toi, la nuit en mouvant doucement cette cuisse, cette seconde cuisse et cette jambe de gauche.

Royauté

Un beau matin, chez un peuple fort doux, un homme et une femme superbes criaient sur la place publique: «Mes amis, je veux qu'elle soit reine!» «Je veux être reine!» Elle riait et tremblait. Il parlait aux amis de révélation, d'épreuve terminée. Ils se pâmaient l'un contre l'autre.

Myndlýsingar

Lúðrabytur

Ég einn hef lykilinn að þessari trylltu skrudgöngu.

Borgir

Þetta eru borgir! Þetta er fólk sem þessi Alleghenyfjöll og þessi Líbanon risu upp af draumi fyrir! Fjallakofar úr kristal og viði hreyfast á ósýnilegum teinum og trissum. Gömlu gígarnir umkringdir risalíkneskjum og koparpálmum öskra kliðmjúkt í eldunum. Hirðfylkingar álfadrottninga í rauðbrúnum ópalgljáandi skikkjum stíga upp úr gljúfrunum. Þarna uppi totta hirtirnir, með fæturna í fossaflúðum og þyrnilyngi, brjóst Diönu.. Bakkyngjur útborganna snökta og máninn brennur og gólar. Venus sækir heim hella járnsmíða og einsetumanna. Hópar klukkuturna syngja hugmyndir fólksins. Frá beinastöðum hljómar tónlistin óþekkt. Paradís skrugguveðranna hrynur. Villimennirnir dansa án afláts hátíð næturinnar.

Hvaða ljúfu armar, hvaða fagra stund mun færa mér þetta svæði sem draumar mínir og minniháttar hreyfingar mínar koma frá?

Setning

Ég hef strekkt kaðla frá klukkuturni til klukku-turns; blómsveiga frá glugga til glugga, gullkeðjur frá stjörnu til stjörnu, og ég dansa.

Fornt

Þokkafulli sonur Pans! Um enni þitt, krýnt smáblómum og berjum, hreyfast augu þín, dýrmætir hnettir. Vangar þínir, blettaðir af brúnum sora, eru innfallnir. Vígtennur þínar glampa. Brjóstkassi þinn líkist sítar, glamrið hrislast gegnum ljóshýjaða handleggi þína. Hjarta þitt slær í þessum kviði þar sem tvöfalt kynið sefur. Farðu í gönguferð um nótt, hreyfðu þetta læri varfærnis-lega, síðan hitt lærið og þennan vinstri fót.

Konungdómur

Einn fagan morgun, hjá fólki sem er afar blíðlegt, hrópuðu maður og kona, stórkostleg, á almennings-torgi: „Vinir mínir, ég vil að hún sé drottning!“ „Ég vil vera drottning!“ Hún hló og skalf. Hann talaði við vini sína um opinberun, um prófraun sem var afstaðin. Þau voru frá sér numin hvort af öðru.

En effet ils furent rois toute une matinée où les tentures carminées se relevèrent sur les maisons, et tout l'après-midi, où ils s'avancèrent du côté des jardins de palmes.

Marine

Les chars d'argent et de cuivre,
Les proues d'acier et d'argent,
Battent l'écume,
Soulèvent les souches des ronces,
Les courants de la lande,
Et les ornières immenses du reflux,
Filent circulairement vers l'est,
Vers les piliers de la forêt,
Vers les fûts de la jetée,
Dont l'angle est heurté par des tourbillons de lumière.

Interlude

J'ai seul la clef de cette parade sauvage.

Being Beauteous

Devant une neige un Être de Beauté de haute taille. Des sifflements de mort et des cercles de musique sourde font monter, s'élargir et trembler comme un spectre ce corps adoré: des blessures écarlates et noires éclatent dans les chaires superbes. Les couleurs propres de la vie se foncent, dansent, et se dégagent autour de la Vision, sur le chantier. Et les frissons s'élèvent et grondent, et la saveur forcenée de ces effets se chargeant avec les sifflements mortels et les rauques musiques que le monde, loin derrière nous, lance sur notre mère de beauté, -- elle recule, elle se dresse. O! nos os sont revêtus d'un nouveau corps amoureux.

Ô la face cendrée, l'écusson de crin, les bras de cristal! le canon sur lequel je dois m'abattre à travers la mêlée des arbres et de l'air léger!

Parade

Des drôles très solides. Plusieurs ont exploité vos mondes. Sans besoins, et peu pressés de mettre en œuvre leurs brillantes facultés et leur expérience de vos consciences. Quels hommes mûrs! Des yeux hébétés à la façon de la nuit d'été, rouges et noirs, tricolores, d'acier piqué d'étoiles d'or; des faciès déformés, plombés, blêmis, incendiés; des enrouements folâtres! La démarche cruelle des oripeaux! — Il y a quelques jeunes.

Og raunar voru þau kóngar allan morguninn, þegar skarlatrauður refillinn lyftist yfir húsunum, og allt síðdegðið, þegar þau þokuðust í áttina að pálmagörðunum.

Sjávarmynd

Striðsvagnar úr silfri og kopar,
framstefni úr stáli og silfri
höggva sjávarlöðrið.
lyfta upp rótum þyrnilyngsins,
straumarnir frá lyngheiðinni
og feiknleg hjólför útfallsins
flæða í hringiðu til austurs,
í átt að stólpum skógarins,
í átt að stofnum hafnargarðsins,
þar sem iðusvelgur af ljósi hefur rekizt á eitt horn hans.

Millikafli

Ég einn hef lykilinn að þessari trylltu skruðgöngu.

Being Beauteous

Hávaxin Fegurðardulvera með snjó-breiðu í bakgrunni. Dauðahvæs og hringir af dempaðri tónlist láta þennan tilbiðna líkama rísa, stækka og skjálfa eins og afturgöngu: skarlatrauð og svört sár ljúkast upp í undursamlegu holdinu. Hinir viðeigandi litir lífsins dökkna, dansa og losna úr læðingi umhverfis Fyrirburðinn, á athafnasvæðinu. Og hrollurinn rís og drynur, og æðisgenginn keimurinn af þessum áhrifum, íþyngdur af banvænu blistri og rámri tónlist sem heimurinn, langt fyrir aftan oss, slengir yfir vora móður fegurðarinnar, — hún hörfar, hún reigir sig. Ó! Bein vor eru endurklædd í nýjan ástleitinn líkama.

Ó óskugráa andlit, skjaldarmerki úr hrosshári, armar úr kristal! Fallbyssan sem ég verð að steypa mér yfir gegnum ryskingar trjáanna og léttan andvarann.

Skrúðganga

Afar traustir skálkar. Margir hafa arðrænt veraldir ykkar. Án þess að þurfa þess, og undir engum þrýstingi að nýta sér í verki glæsilega hæfileika sína og reynslu af samvizkum ykkar. Svo þroskaðir menn! Augun dösud eins og sumarnótt, rauð og svört, þrílit, stál alsett gullstjörnum; bjagað andlitsfall, blýgráir, fölrir, íkveiktir, ærslafull hálsremma! Grimmúðugt struns tötranna! — Nokkrir eru ungir.

Ô le plus violent Paradis de la grimace enragée!

Chinois, Hottentots, bohémiens, niais, hyènes, Molochs, vieilles démenches, démons sinistres, ils mêlent les tours populaires, maternels, avec les poses et les tendresses bestiales. Ils interpréteraient des pièces nouvelles et des chansons «bonnes filles». Maîtres jongleurs, ils transforment le lieu et les personnes, et usent de la comédie magnétique.

J'ai seul la clef de cette parade sauvage.

Départ

Assez vu. La vision s'est rencontrée à tous les airs.

Assez eu. Rumeurs des Villes, le soir, et au soleil, et toujours.

Assez connu. Les arrêts de la vie. -- O Rumeurs et Visions!

Départ dans l'affection et le bruit neufs!

Arthur Rimbaud

Ó ofbeldisfulla Paradís öskureiðu grettunnar!

Kínverjar, hottintottar, sígaunar, afneitarar, hýenur, Mólokar, gamlar vitfirringar, skuggalegir djöflar, þeir blanda alþýðlegum, móðurlegum brellum sínum við dýrslugar stellingar og blíðuhót. Þeir gætu túlkað ný leikverk og „þægrastelpna-sönglög“. Sem meistaratrúðar umbreyta þeir staðnum og persónunum og nota til þess segul-magnaðan skopleik.

Ég einn hef lykilinn að þessari trylltu skrudgöngu.

Brottför

Nóg séð: Sýnarinnar hefur orðið vart í öllum heimshornum.

Nóg haft: Dynur frá Borgum, að kvöldi til, og í sólskini, og ævinlega.

Nóg vitað: Stöðvanir lífsins. – Ó Dynur og Sýnir!

Brottför með hlýhug og nýjum hávaða!

Reynir Axelsson þýddi

Á DÖFINNI

CHAMAYOU EINLEIKSTÓNLEIKAR

FÖSTUDAGINN 11. SEPTEMBER KL. 18:00

Bertrand Chamayou heldur einnig einleikstónleika í Norðurljósum. Gagnrýnendur hafa vart undan því að lofa kraftmikinn og hrífandi fagan pianóleik hans. Ljóð án orða er leiðarstef tónleikanna. Ferðalagið hefst á Mendelssohn, liggur um tónheim Ives, Schumanns, Crumbs, Kurtágs og Takemitsus og lýkur á hinni glæsilegu Wanderer-fantasíu Schuberts.



MEISTARI MORRICONE

24. OG 25. SEPTEMBER KL. 20:00

Ennio Morricone er eitt merkasta kvikmyndatónskáld allra tíma. Á þessum kvikmyndatónleikum flytur Sinfóníuhljómsveit Íslands tónlist úr meistaraverkum á borð við Cinema Paradiso, The Mission og Once Upon a Time in the West. Brot úr kvikmyndunum verða sýnd á stóra tjaldinu og skapa einstaka upplifun fyrir kvikmynda- og tónlistarunnendur.



SCHUMANN & BEETHOVEN

FIMMTUDAGUR 1. OKTÓBER KL. 19:30

Kanadíski sellóleikarinn Bryan Cheng leikur ljóðrænan sellókonsert Schumanns. Einnig hljóma litrík verk eftir Charlotte Sohy og Lili Boulanger og kraftmikill Leonóru-forleikur Beethovens. Við stjórnavölinn er Bar Avni, sigurvegari La Maestra hljómsveitarstjórakeppninnar 2024, en ferill hennar hefur verið á hraðri uppleið á alþjóðlegum vettvangi síðustu ár.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

1. FIDLA

Rannveig Marta Sarc
Una Sveinbjarnardóttir
Zbigniew Dubik
Joanna Bauer
Pálína Árnadóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Lana Trimmer
Hildigunnur Halldórsdóttir
Bjargey Birgisdóttir
Lin Wei
Bryndís Pálsdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Ragnheiður Ingunn Jóhannsdóttir
Martin Frewer

2. FIDLA

Caroline Smoak
Gunnhildur Daðadóttir
Emma Garðarsdóttir
Hekla Finnsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Sólrún Ylfa Ingimarsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Hrefna Berg Pétursdóttir
Justyna Bidler
Chrissie Telma Guðmundsdóttir
Ingrid Karlsdóttir
Kristján Matthíasson

VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Rita Þorfrís
Þórarinn Már Baldursson
Kathryn Harrison
Fidel Atli Quintero Gasparsson
Steina Kristín Ingólfssdóttir
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Herdís Anna Jónsdóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Guðbjartur Hákonarson

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Hrafkell Orri Egilsson
Margrét Árnadóttir
Guðný Jónasdóttir
Urh Mrak
Bryndís Halla Gylfadóttir
Bryndís Björgvinsdóttir

BASSI

Xun Yang
T.C. Fitzgerald
Þórir Jóhannsson
Adam Bernstein
Hávarður Tryggvason
Jacek Karwan

FLAUTA

Rafael Adobas
Caterina Compagno

ÓBÓ

Kyeong Ham
Matthías Nardeau
Peter Tompkins

KLARÍNETT

Tomer Ornan
Finn Schofield
Grimur Helgason
Rúnar Óskarsson

FAGOTT

Clara Manaud
Sabina Aran Clota

HORN

Stefán Jón Bernharðsson
Jason Friedman

TROMPET

Zach Silberschlag
Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson

HARPA

Katie Buckley

SELESTA

Liam Kaplan

PÁKUR

Ginevra Palo

SLAGVERK

Marco Santos
Frank Aarnink
Steeff van Oosterhout
Kjartan Guðnason
Ginevra Palo

AÐALHLJÓMSVEITARSTJÓRI OG LISTRÆNN STJÓRNANDI BARBARA HANNIGAN

FRAMKVÆMDA- OG SKRIFSTOFUTEYMI

Guðni Tómasson
framkvæmdastjóri
Valdís Þorkelsdóttir
viðburða- og skipulagsstjóri
Valgerður Rúnarsdóttir
verkefnastjóri viðburða
Hjördís Ástráðsdóttir
fræðslustjóri
Daníel Bjarnason
listrænn ráðgjafi
Jökull Torfason
verkefnastjóri dagskrágerðar
Margrét Ragnarsdóttir
markaðs- og kynningarstjóri

Rut Sigurðardóttir
markaðsfulltrúi
Dagrun Hálfánardóttir
mannauðsstjóri
Svanhvít Hrólfssdóttir
fjármálastjóri
Tracy Bass
nótnavörður
Brynja Guðmundsdóttir
aðstoðarnótnavörður
Sigþór J. Guðmundsson
verkefnastjóri sviðs-
og tæknimála
Björk Björgúlfssdóttir
sviðsmaður

STJÓRN SÍ

Sigurður Hannesson
formaður stjórnar
Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir
Margrét Pálmadóttir
Emil Friðfinnsson
Ragnar Jónasson

LFANDI TÓNLIST



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Fléttaðu töfrum við hversdagsleikann með áskriftar-
leiðum Sinfóníunnar. Með Regnbogakorti getur þú valið
þá tónleika sem höfða mest til þín og tryggt þér gott
sæti með 20% afslætti.

MÍÐASALA Í HÖRPU OG Í SÍMA 528-5050

WWW.SINFONIA.IS